

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða ohf. – Hitaveita.

1. Heitt vatn.

		Án vsk	Orkuskattur	M. 11% vsk
H90 og H99. Hitun íbúðarhúsnæðis				
Minnst 74° hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr./kWst.	10,67	0,21	12,08
Fastagjald	kr./ári	38.007	760	43.031
Rúmmetragjald	kr./m ³	48,07	0,96	54,42
H94 og H95. Hitun íbúðarhúsnæðis				
Minnst 70° hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr./kWst.	10,67	0,21	12,08
Fastagjald	kr./ári	38.007	760	43.031
Rúmmetragjald	kr./m ³	41,21	0,82	46,65
H98. Sala um varmaskipti				
Minnst 74° hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr./kWst.	6,69	0,13	7,57
Fastagjald	kr./ári	380.098	7.602	430.346
Rúmmetragjald	kr./m ³	28,88	0,58	32,70
H96. Vatnsmagn Suðureyri				
Minnst 70° hiti frá kyndistöð				
Orkugjald	kr./kWst.	6,17	0,12	6,98
Fastagjald	kr./ári	20.909	418	23.673
Rúmmetragjald	kr./m ³	22,67	0,45	25,66
I96 og H76. Suðureyri				
Minnst 60° hiti frá borholu				
Fastagjald	kr./ári	38.007	760	43.031
Rúmmetragjald	kr./m ³	101,63	2,03	115,06
H70. Hitun Reykhólar				
Fastagjald	kr./ári	38.007	760	43.031
Orkugjald	kr./kWst.	4,24	0,08	4,80
I90 og I91. Hitun Reykhólar				
Fastagjald	kr./ári	38.007	760	43.031
Rúmmetragjald	kr./m ³	247,26	4,95	279,95
H79. Reykhólar				
Auðlindagjald til ríkisins				
Fastagjald	kr./ári	38.007	760	43.031
Rúmmetragjald	kr./m ³	3,55	0,07	4,02
H77 og H78. Vatnsmagn Reykhólar				
Sundlaugar og gróðurhús				
Fastagjald	kr./ári	38.007	760	43.031
Orkugjald	kr./kWst.	1,41	0,03	1,60

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni. Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu. Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2,0% af smásöluverði.

2. Tengigjöld.

		Án vsk	M. 11% vsk
20 mm stál og 25 mm Pex	kr.	293.703	326.010
25 mm stál og 32 mm Pex	kr.	381.815	423.815
32 mm stál og 40 mm Pex	kr.	587.412	652.027
50 mm stál	kr.	881.119	978.042
80 mm stál	kr.	3.524.484	3.912.177
Aukamæligrind hitaveitu	kr.	92.304	102.457
Uppsetning orkumælis	kr.	50.973	56.580

Orkubúinu er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna að kostnaður við lagningu heimæðar verði meiri en 50% hærrí en gildandi gjaldskrá, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.

Sé ný heimæð ekki tekin í notkun eða veitu lokað, í 6 mánuði eða lengur má búast við aftengingu heimæðar. Hafi notkun aldrei hafist á nýrri heimæð eða fallið niður í veitum sem hafa verið í notkun, í að minnsta kosti 5 ár, telst heimæð aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald til að notkun geti hafist. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald fyrir þann tíma sem liðinn er frá aftengingu auk endurtengingargjalds (uppsetning orkumælis).

3. Niðurgreiðslur.*3.1. Niðurgreiðslur vegna hitunar íbúðarhúsnæðis.*

Kostnaður við dreifingu orku til hitunar íbúðarhúsnæðis er greidd niður samkvæmt ákvörðun ráðherra sem fer með orkumál hverju sinni. Greiddar eru niður allt að 40.000 kílóvattstundir á ári fyrir hverja íbúð þar sem föst búseta er. Sækja þarf um niðurgreiðslur til Orkustofnunar www.os.is. Orka frá kyntum hitaveitum til hitunar íbúðarhúsnæðis er greidd niður um 5,28 kr./kWst., 5,01 kr./kWst. koma úr ríkissjóði og 0,27 kr./kWst. koma frá Orkubúi Vestfjarða.

3.2. Umsókn um niðurgreiðslur.

Samkvæmt lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar nr. 78/2002 og lögum um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 58/2004, þurfa allir notendur sem vilja njóta niðurgreiðslu að sækja um það sérstaklega til Orkustofnunar sem hefur eftirlit með framkvæmd laganna.

Eigandi íbúðarhúsnæðis sem ekki hefur kost á fullri hitun með jarðvarma getur sótt um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar til Orkustofnunar sem metur á grundvelli umsóknar hvort skilyrði laga þessara fyrir niðurgreiðslum, sbr. 4. gr. séu uppfyllt. Sækja má um niðurgreiðslu með eftirtöldum leiðum:

- Fylla út umsókn á heimasíðu Orkustofnunar www.os.is og senda rafrænt til hennar.
- Fylla út eyðublað á pappírformi og senda í pósti til Orkustofnunar, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík. Orkustofnun sendir eyðublaðið til þeirra sem þess óska.

Orkustofnun veitir nánari upplýsingar um niðurgreiðslur og aðstoðar íbúðareigendur við umsókn sé þess óskað.

4. Þjónusta.

		Án vsk	Með 24% vsk
RI10. Vanskilainnheimta.			
Innheimtugjald	kr./bréf	Skv. verðskrá innheimtufyrirtækisins Motus	
RI20. Veita opnuð eftir lokun.			
Á dagvinnutíma	kr.	14.627	18.137
Utan dagvinnutíma	kr.	29.250	36.270
RÞ10. Mælaálestrar.			
Aukaálestur	kr.	7.314	9.069
RÞ30. Útkall.			
Útkall á vinnutíma	kr./útkall	17.513	21.716
Útkall utan vinnutíma	kr./útkall	35.025	43.431

Nr. 1611

13. desember 2022

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Orkubús Vestfjarða ohf., staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40/2001 og orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 743/2008, með síðari breytingum.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 13. desember 2022.

F. h. r.
Reynir Jónsson.

Hreinn Hrafnkelsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. desember 2022